



Múlaþingi 29.11.2023

Efni: Umsögn hafna Múlaþings við frumvarp til laga um skatta og gjöld, 468 mál.

Hafnir Múlaþings taka undir andmæli AECO m.a. varðandi tillögu um að afnema tollfrelsi skemmtiferðaskipa, þingskjal 509-468. Fyrirhuguð tillaga er til þess fallin að grafa undan áralangri uppbyggingu á þjónustu og upplifun á landsbygginni fyrir þann hóp ferðamanna er kemur með skemmtiferða- og leiðangursskipum.

Hafnir Múlaþings munu finna verulega fyrir því ef tillagan verður samþykkt því það getur haft þær afleiðingar að skipin sigli fram hjá höfnum Múlaþings. Skipakomum mun fækka og þar af leiðandi mun draga úr tekjum hjá höfnum Múlaþings og hagaðilum sem oftast en ekki hafa mun meiri tekjur af þeim skipum sem stunda hringsiglingar heldur en stærri skipunum. Hafnir Múlaþings eru þrjár; Seyðisfjarðarhöfn, Djúpavogshöfn og höfn Bakkagerðis/Borgarfjarðar eystri sem eru í umtalsverðri innviðauppbyggingu á áfangastöðum svæðisins þar sem unnið er að því að bæta aðstöðu við hafnirnar varðandi móttöku skipanna. Þar að auki eru ferðaþjónustuaðila á svæðinu að vinna að vörupróun og að fjölga starfsfólki.

Rétt er að vekja athygli á því að það eru engin dæmi um svokölluð „hótelskip“ sem dvelja í höfn í lengri tíma í beinni samkeppni við hótél í landi hjá höfnum Múlaþings.

Samkvæmt fyrirspurn forsvarsmanna AECO meðal meðlima samtakanna hefur komið fram að afnám tollfrelsis með svo stuttum fyrirvara og raun ber vitni muni hafa verulega alvarlegar afleiðingar. Ferðir frá 2024 – 2026 hafa þegar verið seldar og því ekki mögulegt að bæta kostnaði inn í kostnaðarverð.

Hjá höfnum Múlaþings eru bókaðar 227 skemmtiferðaskipakomur árið 2024 með 56 skipum og þar af eru 36 lítil skip í hringsiglingum og svo Norræna sem kemur vikulega til Seyðisfjarðar.

Mikill metnaður er lagður í það að vel sé tekið á móti farþegum skemmtiferðaskipa í höfnum Múlaþings. Viðhorfskönnun meðal íbúa Múlaþings er unnin um þessar mundir, en okkur er í mun að íbúar séu sáttir jafnt sem ferðamenn sem koma til okkar landleiðina, með flugi eða skipum. Unnið er að því að rafvæða hafnirnar, stefnt er að því að tengja minni skip í Seyðisfjarðarhöfn vorið 2024 og þar næst Djúpavogshöfn. Einnig er verið að meta það með hvaða hætti má setja þak á komur skemmtiferðaskipa. Hvort það verði miðað við fjölda farþega eða fjölda skipa hvern dag er enn óráðið. Seyðisfjarðarhöfn er aðili að EPI umhverfisverkefninu sem hjálpar við að greina þau skip sem menga mest frá þeim sem eru með góðan hreinsunarbúnað um borð eða ganga fyrir vistvænu eldsneyti. Það sem vantar hins vegar upp á, svo hægt sé að fullnýta það góða verkefni, er að lögin leyfi höfninni að rukka þau skip aukalega sem menga mest. Þessu þarf að breyta sem fyrst.

Af ofan töldu má sjá að móttaka skemmtiferðaskipa á höfnum Múlaþings er afar mikilvæg atvinnugrein og vandað er til verka.

Hafnir Múlaþing taka einnig undir umsagnir Cruise Iceland og Atlantik, þar er bent á mörg atriði sem miklu máli skipta. Eitt af því mikilvægasta sem þar er bent á er að félögum í Cruise Iceland, sem hafa starfað að þróun greinarinnar um áratuga skeið með hafnir Múlaþings innanborðs, hefur ekki verið boðið að koma að borðinu í þeirri vinnu sem nú hefur farið fram í starfshópum. Þetta er mjög miður því þar með hafa sjónarmið hafnanna sem hagsmunaaðila ekki náð að komast til skila með ásættanlegum hætti í vinnu starfshópanna.



Móttaka erlendra ferðamanna með skipum er ólík móttöku erlendra ferðamanna með flugvélum að því leitinu að móttaka skipanna eru skipulögð tvö til þrjú ár fram í tímann, flestir farþegar fara í skipulagðar ferðir svo hægt er að undirbúa móttöku, takmarka fjölda þar sem á við og stýra. Einungis 14% erlendra ferðamanna sem koma til landsins koma með skipum.

Hafnir Múlaþings fagna því að það eigi að þolmarkagreina skipakomur, náttúruauðlindir og áfangastaði en vekja jafnframt athygli á því að mikilvægt er að skoða ferðaþjónustuna heildrænt, meta hvern ferðamáta fyrir sig og bjóða alla ferðamenn velkomna til landsins, alls landsins. Mikilvægt er að meta getu áfangastaðanna okkar og finna sanngjarna leið til þess að allir geti fengið notið landsins gæða með sanngjörnum og vistvænum hætti.

Fyrir hönd hafna Múlaþings